

Svaraðu eftirfarandi spurningum

Rétt eða Rangt?

1. Ef þú kemur að slysi þarftu að byrja á því að tryggja eigið öryggi.
2. Þú hringir í 991 til að fá sjúkrabíl á slysstað.
3. Gott er að vita hver fjöldi slasaðra er áður en hringt er í Neyðarlínuna.
4. Varasamt er að flytja slasaða einstaklinga úr stað.
5. Hitagufur valda ekki bruna á húð.
6. Svo tryggja megi öryggi á slysavettvangi skaltu standa á miðjum vegi og veifa öðrum öikumönnum.
7. Þú gætir lent í vandræðum ef þú hringir í Neyðarlínuna og einhver annar á staðnum er þegar búinn að hringja.
8. Það er ókeypis að hringja í Neyðarlínuna.
9. Á slysavettvangi er æskilegt meta fyrst ástand þeirra sem eru hljóðir og bæra ekki á sér.
10. Áður en þú reynir að stöðva blæðingu með því að þrýsta beint á sár skaltu athuga hvort aðskotahlutur er í sárinu.

Fjölvalspurningar

- | | |
|---|---|
| <p>11. Ef útilokað er að gera slysavettvang öruggan skaltu...</p> <ol style="list-style-type: none">a. láta einhvern annan um að sinna þeim slösuðub. halda þér í hæfilegri fjarlægð frá vettvangi til að tryggja eigið öryggic. halda þér í hæfilegri fjarlægð frá vettvangi og hringja í 112 eftir aðstoð | <p>12. Þitt fyrsta verk á vettvangi slyss er að..</p> <ol style="list-style-type: none">a. hringja eftir aðstoðb. reyna að tryggja öryggic. meta áverka slasaðra |
| <p>13. Ef einstaklingur svarar ekki áreiti og andar óeðlilega skaltu...</p> <ol style="list-style-type: none">a. setja hann í hliðarlegub. byrja endurlífgun með hnoði og blæstric. lyftu fótunum á honum hátt upp í loftið | <p>14. Einstaklingur sem hefur lent í umferðaslysi liggur hreyfingarlaust á götunni. Hvað þarftu að gera fyrst af öllu?</p> <ol style="list-style-type: none">a. kanna hvort hann bregst við áreiti og andar eðlilegab. hefja endurlífgun með hjartahnoði og blæstric. setja hann í hliðarlegu og hringja í 112 |

Svör:

Rétt og rangt

- 1: Rétt
- 2: Rangt
- 3: Rétt
- 4: Rétt
- 5: Rangt
- 6: Rangt
- 7: Rangt
- 8: Rétt
- 9: Rétt
- 10: Rétt

Fjölvalspurningar

- 11: C
- 12: B
- 13: B
- 14: A